



SAMVINNUHÁSKÓLINN  
Á BIFRÖST

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1559  
komudagur 27.3.1998

Bifröst 24.03.1998

Félagsmálanefnd Alþingis

**Efni:** Athugasemdir við frumvarp til laga um húsnæðismál. 122. löggjafarþing 1997-98. Þskj. 877 - 507. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997-98.) frumvarp um íbúðalánasjóð

Drátt fyrir að Stjórn Nemendagarða Samvinnuháskólans hafi því miður ekki fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um húsnæðismál telur stjórnin rétt að koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri við Félagsmálanefnd Alþingis:

1. Með þessu frumvarpi er verið að gerbreyta öllu félagslega húsnæðiskerfinu og er það okkar sjónarmið að slík breyting þarf meiri almennrar umræðu en þegar hefur farið fram meðal þeirra sem notið hafa fyrirgreiðslu þess.

2. Skv. frumvarpinu er ætlað að tryggingagjaldi verði veitt í varasjóð - og það notað til m.a. til að bæta útlánatöp. Þessi tillaga er í andstöðu við fram komna tillögu starfshóps á vegum samtaka sveitarfélaga sem gengur út á að Tryggingasjóður verði endurgreiddur til þeirra aðila sem greiddu í hann.

3. Frumvarpið miðar við að tekin verði upp sumpilgjöld af lánaflokkum sem ekki þurfi að greiða áður. Þetta felur í sér beinan kostnaðarauka.


4. Framkvæmdalán verða felld niður sem getur leitt til óhagræðis fyrir lántaka.

Stjórn Nemendagarða Samvinnuháskólans telur að þetta frumvarp feli í sér svo miklar breytingar á öllu starfsumhverfi þeirra aðila sem hafa fengið lán úr Byggingarsjóði Verkamanna, að frumvarpið verði að fá meiri og almennari kynningu og umræðu en nú hefur farið fram til að hægt sé að afgreiða hana á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllt

Stjórn Nemendagarða Samvinnuháskólans

  
Þorlákur Björnsson aðstoðarstjóri, form.

  
Sigurður Albert Armannsson

  
Sigurður Guðmundsson